

**Nd.**

**552. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (Ó. Th. og S. E.) vill fella það, en meiri hlutinn (H. Stef., Hj. V. og H. J.) felst á ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv. á þskj. 212 og í nefndaráliti minni hluta fjárhagsnefndar Ed. á þskj. 382. Þó hefir einn nefndarmaðurinn (Hj. V.) nokkra sjerstöðu og skrifar undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara.

Nokkrar breytingar til lækkunar hafa orðið á frv. í hv. Ed., svo að áætl- að er, að tekjuaukinn nemi nú ca. kr. 310000, en upphaflega var gert ráð fyrir, að tekjuaukinn mundi nema ca. kr. 426000.

Þótt tveir nefndarmenn meiri hlutans (H. Stef. og H. J.) sjeu ekki alls- kostar ánægðir með þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., vill meiri hlutinn samt leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir, með því líka, að óvíst er, að samkomulag næðist, ef málið hrektist á milli deilda.

Alþingi, 21. mars 1928.

Halldór Stefánsson,  
form.

Hjeðinn Valdimarsson,  
fundaskr.  
með fyrirvara.

Hannes Jónsson,  
frsm.